

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 1. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0039
BK

Efni: Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar og gerð nýs deiliskipulags í landi Vestur-Meðalholts í Flóahreppi

Vísað er til tölvubréfs frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, dags. 15. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar og gerð nýs deiliskipulags í landi Vestur-Meðalholts í Flóahreppi. Landeigandi óskar eftir breytingunni til að heimila nýja íbúðarbyggð í dreifbýli. Um er að ræða allt 20 íbúðarlóðir sem hver um sig getur verið 1-3 ha.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í lýsinguinni kemur fram að skipulagsvæðið er vel gróið og að hluta til deiglendi/votlendi. Af loftmyndum að dæma er vot- og deiglendi þó að öllum líkindum vanmetið í vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar. Vistgerðir á svæðinu eru metnar með mjög hátt og hátt verndargildi.

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellsheiði skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla. Umrætt svæði er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggendum búsvæðum og þrífast t.d. ekki í skóglendi.

Undir lið 6.2 *Umhverfisþættir og áherslur* er þó ekki minnst á áhrif skipulagsins á fuglalíf.

Mikilvægt er að vandað sé vel til verka þegar kemur að staðsetningu nýrra íbúðarbyggða í dreifbýli og meta þarf samlegðaráhrif þeirra. Megninu af votlendi á Suðurlandi hefur verið raskað með framræslu (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998) en virkni þess er þó víða enn til staðar og forðast ber að raska slíkum svæðum meira en þegar hefur verið gert. Þessi sömu svæði eru mikilvæg búsvæði vaðfugla og ætti að líta til þess að staðsetja íbúðarbyggðir sem næst öðrum fyrirliggjandi mannvirkjum til að draga úr niðurbroti (e. fragmentation) búsvæða. Hafa ber í huga jaðaráhrif ýmissa mannvirkja sem og hás trjágróðurs á þéttleika vaðfugla sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er lægri nær þessum einkennum í umhverfinu en fjær (Tómas Grétar Gunnarsson 2020).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.



Heimildir:

Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Jóhann Þórsson, Svafa Sigurðardóttir, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannson 1998. Röskun votlendis á Suðurlandi. Í: *Íslensk votlendi – verndun og nýting*, bls. 131-142. Háskólaútgáfan.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur
Svið náttúruverndar

